

# PRÓFKJÖR



FRAMSÓKNARFLOKKURINN

## Í MOSFELLSBÆ



### Prófkjör framsóknarfélaganna í Mosfellsbæ vegna bæjarstjórnarkosninga vorið 2010

Prófkjórið fer fram laugardaginn 27. febrúar 2010 frá klukkan 10.00 til 15.00  
í sal Framsóknarfélags Mosfellsbæjar að Háholti 14 í Mosfellsbæ.

Prófkjórið er öllum opið sem skráðir eru í Framsóknarflokkinn og eru með  
kosningarétt og lögheimili í Mosfellsbæ á kjördegi.



Marteinn Magnússon



Óli Kárason Tran



Bryndís Bjarnarson



Guðni Þorbjörnsson



Björg Reehaug Jensdóttir



Linda Björk Stefánsdóttir



Snorri Hreggviðsson



Eggert Sólberg Jónsson



Ásta Björk Benediksdóttir



Sveinbjörn Ottesen



## Framsóknarfélag Mosfellsbæjar

[www.mosfellsfrettir.is](http://www.mosfellsfrettir.is)





## Marteinn Magnússon

Sækist eftir 1. sæti



Ég er 48 ára gamall og er búsett-ur að Furubýggð 17. Er kvæntur Heidi Andersen sjúkraþjálfara og á þrjár dætur, Sunnu, Helenu og Margréti Maríu. Ég er menntaður verslunarmaður og starfa hjá Eggerti Kristjánssyni hf. sem markaðsstjóri.

**Félagsstörf og áhugamál:** Er bæjarfulltrúi og áheyrnarfulltrúi í bæjarráði auk þess á ég sæti í skipulagsnefnd. Hóf að starfa að bæjarmálum árið 2002, var þá varabæjarfulltrúi auk þess að sitja í fjölskyldunefnd og heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis.

Þá hef ég talsverða reynslu af atvinnu- og íþróttamálum. Hef setið í ýmsum stjórnnum hlutafélaga og í nefndum og stjórnnum innan íþróttahreyfingarinnar, eins og í stjórn Glímudeildar KR. Varamaður í stjórn Glímusambands Íslands, formaður Hestamannafélagsins Harðar og í stjórn landliðsnefndar Landsambands hestamannafélaga ásamt ýmsum öðrum félagsstörfum.

Helstu áhugamál fyrir utan stjórnsmál eru hestamennska, útivist, gönguferðir og lestur góðra bóka.

### Helstu áherslur:

Ég vil beita mér fyrir bættu siðferði, heiðarleika og gegnsæi. Bætti stjórnsýslu og tryggja jafnræði meðal bæjarbúa. Öflug atvinnustefna er ein af grundvallarstefnum Framsóknarflokksins og tel ég mjög mikilvægt að við eflum atvinnulíf í Mosfellsbæ því sterkt atvinnulíf í nærsamfélaginu þýðir aukin lífsgæði íbúanna. Mikilvægt er að verja hagsmuni barnafjölskyldna í Mosfellsbæ, málefni fjölskyldunnar, félagsmál og jöfnuður eru mér ofarlega í huga.

Tölvupóstur: [marteinn@mos.is](mailto:marteinn@mos.is)

## Óli Kárason Tran

Sækist eftir 5.-6. sæti



Ég er 36 ára gamall og er með sveinspróf í bílamálun frá Borgarholtsskóla og í bílaréttingum frá Iðnskólanum í Reykjavík. Ég starfa sem veitingastjóri á Veitingahúsinu Asíu.

Ég er í sambúð með Helgu Björk Pálsdóttur og eigum við þrjú börn, Diljá Ösp, Alexander Kára og Hrefnu Lind. Við búum að Þverholti 9 og höfum búið í Mosfellsbæ í 10 frábær ár.

### Félagsstörf og áhugamál:

Ég kynntist Framsóknarflokkinum í Mosfellsbæ fyrir síðustu kosningar og hafa þau kynni mín verið mjög góð. Það er gott og skemmtilegt fólk í félaginu. Ég hef verið fulltrúi Framsóknar í menningarmálanefnd frá árinu 2005. Helsta áhugamál mitt er matarmenning með alþjóðlegum blæ. Útivera skipar háan sess með fjölskyldu og vinum enda er íslensk náttúra mér afar hugleikin.

### Helstu áherslur:

Erlendur bakgrunnur minn hefur nýst mér vel í menningarmálum enda tengjast menningarstraumar annarra landa nær allsstaðar í heiminum. Einnig vil ég vinna að eflingu og aukinni fjölbreytni í atvinnumálum í Mosfellsbæ.

Tölvupóstur: [hello@hive.is](mailto:hello@hive.is)

## Bryndís Bjarnarson

Sækist eftir 2. sæti



Ég er 45 ára gömul og er hagfræði-, heimspeki- og stjórn- málafræðingur frá Háskólanum á Bifröst þar sem ég stunda nú MA nám í menningarstjórnun. Ég starfa hjá Mosfellsbæ í félagsmiðstöðinni við Lágafellsskóla. Börnin mín eru þrjú: Ragnheiður 23 ára, Steinunn 15 ára og Sölvi Þór 15 ára.

### Félagsstörf og áhugamál:

Ég hef verið ötul í félagsmálum, nú síðast gekk ég í Kvenfélag Lágafellssóknar. Er formaður Zontaklúbbsins Sunnu og mun

taka við svæðisstjórn Zonta á Íslandi á þessu ári. Ég sat í stjórn Kvenréttindafélags Íslands, var formaður Landsambands fram- sóknarkvenna og Framsóknarfélags Mosfellsbæjar. Áður var ég bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ og hef því gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir bæjarfélagið.

### Helstu áherslur:

Áherslumál mín eru að starfa af fullri einlægni fyrir samfélagið með gagnrýnu sjónarhorni og veita íbúum alltaf réttar upplýsingar um stöðu mála. Ég tel að við þurfum að gæta þess að standa vörð um félagslega velferðakerfið til að geta menntað og byggt upp heilbriggt samfélag. Ég tel að Mosfellsbær verði eitt af vinsælustu íbúasvæðum í framtíðinni vegna þeirra möguleika sem eru rétt við bæjardyrnar eins og falleg staðsetning á byggingarlöndum og þeirra möguleika sem íbúar hafa í útivist. Við þurfum því að standa vörð um okkar fallega bæjarfélag og stjórna því með skynsömum hætti. Ég býð mig fram vegna þess að ég tel að menntun mín og reynsla geti nýst vel fyrir bæjarfélagið.

Tölvupóstur: [bryndisb@bifrost.is](mailto:bryndisb@bifrost.is)

## Guðni Þorbjörnsson

Sækist eftir 3.-5. sæti



Ég er 32 ára gamall og hef alla mína tíð verið búsettur í Mosfellsbæ. Ég starfa sjálfstætt sem auglýsingahönnuður í fyrirtæki mínu gudni.is í Mosfellsbæ. Ég hef einnig starfað við lýsingar á formúlukappakstri í sjónvarpi. Ég er lærður bifvélavirki en lærði síðar grafíska hönnun og vef- forritun og er með PPL-A flug- mannspróf.

### Félagsstörf og áhugamál:

Ég hef undanfarin tvö ár verið stjórnarmaður í Framsóknarfélagi Mosfellsbæjar. Ég er fyrrum formaður Bifreiðaíþróttaklúbbs Reykjavíkur þar sem ég sat í stjórn um árabíl. Einnig hef ég setið í stjórn Landsambands íslenskra akstursfélaga (LIA) og Flugklúbbs Mosfellsbæjar. Ég er einkaflug- maður og virkur meðlimur í Flugklúbbi Mosfellsbæjar og flugið er eitt helsta áhugamál mitt. Einnig hef ég mikinn áhuga á ljósmyndun, listmenningu, ferðalögum, gæludýrum og akstursíþróttum.

### Helstu áherslur:

Ég legg mikla áherslu á að vinna með grasrót okkar samfélags þ.e. íbúum Mosfellsbæjar. Mér þykir mjög vænt um Mosfellsbæ og vill starfa vel með íbúum bæjarins. Ég vil leggja mitt af mörkum við að marka heildstæða framtíðarstefnu í skipulagsmálum bæjarins. Mosfellsbær er stórkostlega staðsett bæjarfélag í útjaðri höfuðborgarsvæðisins og í hjarta náttúrunnar þar sem órstutt er í allskonar útivist og tómstundaiðkanir. Ég hef trú á því að Mosfellsbær eigi alla möguleika á að verða eitt eftirsóttasta íbúasvæði landsins ef vel er að stjórnun bæjarins staðið.

Tölvupóstur: [gudni@gudni.is](mailto:gudni@gudni.is)  
Vefsíða: [www.gudni.is](http://www.gudni.is)



## Björg Reehaug Jensdóttir

Sækist eftir 2.-3. sæti



Ég er 36 ára gömul og er alin upp á Vestfjörðum. Ég á þrjú börn, 18 ára stelpu, 7 ára strákr og 10 ára fósturdóttur. Ég er með diplómanám í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og stunda núna nám í uppeldis- og menntunarfræðum við menntavísindasvið sama skóla. Mestan starfsferil minn hef ég unnið við endurskoðun, bókhald og fjármál. Ráðgjöf og aðstoð við stofnun og rekstur fyrirtækja, en þar hef ég fengið góða innsýn í atvinnurekstur á Íslandi. Ég hef

einlægan áhuga á uppeldis- og menntamálum og hef sinnt þeim af áhuga í starfi og leik.

### Félagsstörf og áhugamál:

Ég er í stjórn Framsóknarfélags Mosfellsbæjar og sit sem aðalmaður Framsóknar í fræðslunefnd Mosfellsbæjar. Ég er fulltrúi í miðstjórn flokksins fyrir Suðvestur kjördæmi. Einnig er ég í framkvæmdaráði Landsambands framsóknarkvenna og nýverið var ég skipuð jafnréttisfulltrúi Framsóknarflokksins.

### Helstu áherslur:

Mannildi ofar auðgildi þetta hefur verið stefna Framsóknar í áratugi. Samvinnustefnan og félagshugsjónin er grunn hugmyndafræði flokksins og við megum ekki víkja frá þeirri hugsjón.

Tölvupóstur: [bjorgjens@simnet.is](mailto:bjorgjens@simnet.is)

[www.bjorgjens.blog.is](http://www.bjorgjens.blog.is)

## Linda Björk Stefánsdóttir

Sækist eftir 3.-4. sæti



Ég er 51 árs gömul og hef alist upp hér í Mosfellsbæ alla mína tíð. Ég er gift Þóri Sigurbjörnsyni og eigum við fjögur börn á aldrinum 11-34. Einnig erum við rík af barnabörnum. Ég lauk gagnfræðaprófi frá Gagnfræðaskólanum að Varmá. Hef tekið námskeið hjá Iðntæknistofnun sem starfsþjálfari. Síðustu 14 árin hef ég starfað hjá Mosfellsbæ, þar af síðustu 5-6 árin sem matráður á leikskóla. Áður starfaði ég í 18 ár hjá Álafoss eða þar til það hætti rekstri. Starfaði einnig á heimili fyrir fatlaða og á skólalagheimili.

### Félagsstörf og áhugamál:

Áhugamálín eru fjölskyldan en við höfum reynt að ferðast mikið innan og utanlands. Áhugi á þrjúnaðskap hefur alltaf fylgt mér. Einnig höfum við verið að byrja í hestamennsku á ný eftir nokkurt hlé. Var trúnaðarmaður á vinnustað mínum í mörg ár.

### Helstu áherslur:

Mínar áherslur eru atvinnu- og skipulagsmál og bætt þjónusta við aldraða og fatlaða.

Tölvupóstur: [linda.bjork@simnet.is](mailto:linda.bjork@simnet.is)

## Snorri Hreggviðsson

Sækist eftir 2. sæti



Ég er 45 ára gamall vélaverkfræðingur að mennt og starfa sem framkvæmdastjóri tækni- og þróunarsviðs nýsköpunarfyrirtækisins Remake Electric. Konan mín er Olga Björk Guðmundsdóttir hjúkrunarstjóri á Reykjalundi og eigum við saman tvær dætur. Mosfellsbær er sveit að mínu skapi. Hér hef ég búið ásamt fjölskyldu minni í rúm 16 ár og tekið þátt í mörgu skemmtilegu sem þetta frábæra samfélag hefur upp á að bjóða.

### Félagsstörf og áhugamál:

Ég er fyrrverandi formaður

Badmintondeildar Aftureldingar, var einn stofnenda Körfuknattleiksdeildar Aftureldingar, sat í stjórn Skíðadeildar Fram og hef starfað í æskulýðs- og ritnefnd Hestamannafélagsins Harðar.

Útivist og íþróttir eru mér mikilvægar og hef ég að staðaldri lagt stund á fjallgöngur, útreiðar, hjóleiðar, kórsöng, golf, sund og badminton.

### Helstu áherslur:

Vinna mín í þróunar- og ferðamálanefnd fyrir Mosfellinga á vegum Framsóknarflokksins er mér mjög hugleikin. Mig langar að nýta reynslu mína og þekkingu af atvinnurekstri til framfara og atvinnusköpunar með áherslu á heilsutengda atvinnustarfsemi s.s. ferðaþjónustu og vistvæna matvælaframleiðslu. Sameiginlega getum við Mosfellingar stuðlað að bættu samfélagi með sjálfbærum áherslum Staðardagskrár 21 og fjölskylduna í öndvegi. Ég hef gaman af lífinu, vil láta gott af mér leiða og tel nauðsynlegt að skapa í Mosfellsbæ betri aðstæður fyrir aldraða, til félagsstarfa, íþróttar og útivistar.

Tölvupóstur: [snorri@remake-electric.com](mailto:snorri@remake-electric.com)

Vefsíða: [www.snorrihre.blog.is](http://www.snorrihre.blog.is)

## Eggert Sólberg Jónsson

Sækist eftir 5.-6. sæti



Ég er 25 ára gamall meistaranemi í þjóðfræði við Háskóla Íslands. Búsettur í Mosfellsbæ síðastliðin 5 ár en alinn upp að öðru leyti í Borgarnesi.

### Félagsstörf og áhugamál:

Ég er varaformaður Sambands ungra framsóknarmanna og sit í íþróttar- og tómstundanevnd Mosfellsbæjar. Ég hef alla tíð verið virkur í félagsmálum og gegnt fjölda trúnaðarstarfa m.a. í grunn-, framhalds- og háskólanámi mínu sem og innan Framsóknarflokksins. Auk þess að hafa áhuga á lestri góðra bóka, íþróttar hvaða nafni sem þær nefnast og útivist er ég mikill áhugamaður um fjölbreytileika mannlífsins.

### Helstu áherslur:

Mosfellsbær á að vera fjölskylduvænt, grænt sveitarfélag í útjaðri höfuðborgarsvæðisins þar sem börn og unglingar eru hvött áfram í námi og félagsstarfi á eigin forsendum. Með því að halda áfram að byggja ofan á það öflugna menntakerfi sem er til staðar í sveitarfélaginu skapast möguleiki til að hlúa enn frekar að þeim sprotafyrirtækjum sem skotið hafa rötum í bæjarfélaginu á síðustu árum. Tækifærin liggja víða á næstu árum, sérstaklega ef við sem samfélag tökum okkur saman um að byggja á grænum gildum.

Tölvupóstur: [eggertsolberg@gmail.com](mailto:eggertsolberg@gmail.com)





## Ásta Björk Benediktsdóttir

Sækist eftir 2.-3. sæti



Ég er 43 ára gömul og hef verið búsett í Mosfellsbæ í 13 ár. Ég er gift Guðlaugi Pálssyni og eigum við tvö börn. Halldóru Sif 22 ára sem er í námi í Danmörku og Pál Helga 15 ára sem er í Varmárskóla.

Ég útskrifaðist frá Kennara-háskóla Íslands og vann við kennslu í 7 ár auk þess að vera árgangastjóri. Frá 1992 hef ég ásamt manni mínum verið með eigin atvinnurekstur. Fyrst með hestavöruverslunina Reiðsport, síðan árið 1998 sameinuðumst við tveimur öðrum fyrirtækjum og

úr varð Töltheimar. Árið 2000 keyptum við Snæland hér í Mosfellsbæ og hef ég rekið það síðan, ásamt annarri verslun á Bústaðarvegi í Reykjavík.

### Félagsstörf og áhugamál:

Áhugamál mín eru fjölskyldan og hagur hennar. Við stundum hestamennsku hér í bæ sem er mjög fjölskylduvænt sport. Ég hef starfað í barna- og ungliinganevnd Hestamannafélagsins Harðar. Svo er það líkamsræktin í allri sinni mynd og heilsu- og skokk hópurinn í Mos sem gefur manni ógleymanlegar stundir.

### Helstu áherslur:

Atvinnumál eru ofarlega í huga mínum ásamt því að fjölskyldan sé höfð í fyrirrúmi. Því öllum á að líða vel í Mosfellsbæ. Gerum góðan bæ betri.

Tölvupóstur: [astab@internet.is](mailto:astab@internet.is)

## Sveinbjörn Ottesen

Sækist eftir 4. sæti



Ég er 50 ára gamall og bý í Tröllateig. Er giftur Olgu Björk Bragadóttur og á fjórar dætur. Þær heita Ásgerður 30 ára, Jóna Elísabet 27 ára, Jana Maren 21 árs og Berglind 16 ára. Eftir nám í Hótel- og veitingaskólanum í framleiðslu, hef ég unnið hin ýmsu störf við veitinga- og matvælaíðnað. Ég starfa sem verkstjóri hjá Síld og Fisk (Ali).

### Félagsstörf og áhugamál:

Hef í mörg ár starfað fyrir Framsóknarflokkinn og gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir flokkinn t.d. verið formaður atvinnumálanefndar Hveragerðisbæjar, setið í miðstjórn flokksins. Er nú í stjórn kjördæmisráðs og í stjórn Framsóknarfélags Mosfellsbæjar. Áhugamál mín eru helst stangveiði og útivist. Ég fylgist með flestum íþróttum, helst boltaíþróttum. Við hjónin göngum um Mosfellsbæinn á hverjum degi með labrador hundinn okkar Otta flotta.

### Helstu áherslur:

Nú þarf fyrst og fremst að standa vörð um grunnþjónustuna. Það þarf að hlúa að börnum og unglíngum og leita allra leiða til að hlífa þeim við afleiðingum kreppunnar. Huga þarf að búsetuárræðum fyrir aldráða. Það er alveg nauðsynlegt á þessum erfiðu tímum sem nú eru, að við Mosfellingar hugum vel að fjármálum bæjarins og gerum góðan bæ betri. Þar verður að vera vönduð og gegnsæ stjórnsýsla sem skapar traust.

Tölvupóstur: [leedsari@hotmail.com](mailto:leedsari@hotmail.com)

## HVAR OG HVENÆR Á AÐ KJÓSA?

- Prófkjörið fer fram laugardaginn 27. Febrúar 2010.
- Kjörstaður er opin frá klukkan 10-15 að Háholti 14.
- Utankjörfundaratkvæðagreiðsla fer fram á skrifstofu Framsóknarflokksins að Hverfisgötu 33 í Reykjavík dagana 22.-26. febrúar nk. á milli klukkan 13 og 17.
- Prófkjörið er öllum opið sem skráðir eru í Framsóknarflokkinn og eru með kosningarétt og lögheimili í Mosfellsbæ á kjördegi.

### Prófkjörstjórn:

Þröstur Karlsson	894-5111	566-7242
Gísli Geirsson	897-1777	552-3091
Sveingerður Hjartardóttir	843-0722	566-6662

## FUNDUR MEÐ FRAMBJÓÐENDUM

Kynningarfundur með frambjóðendum verður haldinn fimmtudaginn 25. febrúar klukkan 20:00 í sal Framsóknarfélags Mosfellsbæjar að Háholti 14.

Þar gefst bæjarbúum tækifæri til að spjalla við frambjóðendur.

facebook

Allir frambjóðendur eru með Facebook síður

## ATKVÆÐASEÐILL

í prófkjöri framsóknarfélaganna í Mosfellsbæ 27. febrúar 2010

### KJÓSA SKAL 6 FRAMBJÓÐENDUR, HVORKI FLEIRI NÉ FÆRRI

Skrifa skal tölustaf fyrir framan nöfn frambjóðenda í þeirri röð sem óskað er að skipi á framboðslistanum. Tölustafurinn 1 skal settur fyrir framan nafn þess frambjóðanda sem óskað er að skipi 1. sæti framboðslistans, tölustafurinn 2 fyrir framan nafn þess frambjóðanda sem óskað er að skipi 2. sætið og svo framvegis.

	Marteinn Magnússon
	Óli Kárason Tran
	Bryndís Bjarnarson
	Guðni Þorbjörnsson
	Björg Reehaug Jensdóttir
	Linda Björk Stefánsdóttir
	Snorri Hreggviðsson
	Eggert Sólberg Jónsson
	Ásta Björk Benediktsdóttir
	Sveinbjörn Ottesen

### Utankjörfundaratkvæðagreiðsla

Fer fram á skrifstofu Framsóknarflokksins að Hverfisgötu 33 í Reykjavík dagana 22.-26. febrúar á milli klukkan 13 og 17.

Nánari upplýsingar um prófkjörið veitir Þröstur Karlsson formaður kjörstjórnar í síma 894-5111 eða í tölvupósti á [tkarls@centrum.is](mailto:tkarls@centrum.is)

